

**Sp. 523. Tillaga til þingsályktunar [328. mál]**

um þróunarverkefni á Vestfjörðum.

Flm.: Sighvatur Björgvinsson, Þorv. Garðar Kristjánsson, Ólafur Þ. Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela Framkvæmdastofnun ríkisins að semja álitargerð um framkvæmd þróunarverkefna í atvinnumálum á Vestfjörðum í því skyni að hraða nýsköpun í atvinnulífi, örva framtak einstaklinga og félaga, efla vöxt byggðarkjarna og auka fjölbreytni í atvinnustarfsemi. Í álitargerðinni skulu koma fram, auk ábendinga um æskileg verkefni, hugmyndir um hvernig að framkvæmdum skuli staðið, þ. á m. um hvaða sértækum aðgerðum skuli beita af hálfu sveitarstjórna og ríkisins til þess að greiða fyrir framgangi atvinnuþróunarverkefna sem líkleg væru til þess að treysta grundvöll atvinnulífsins og búsetu fólks á svæðinu.

**Greinargerð.**

Tillaga sama efnis og þessi var flutt á síðasta þingi en hlaut þá ekki afgreiðslu. Fylgdi henni svofelld grg.:

Öflugir og vaxandi þéttbýliskjarnar eru án efa einn snarasti þáttur í því að byggð verði traust á Vestfjörðum. Þeim mun meiri þjónustu sem hægt er að sækja í heimabyggð eða næsta nágrenni þeim mun traustari verður búsetan í byggðinni allri og þeim mun betur nýtast einnig byggðinni sjálfri þau verðmæti sem t. d. skapast í frumframleiðslugreinum.

Á undanförmum árum hefur atvinnuástand yfirleitt verið gott á flestum þéttbýlissvæðum á Vestfjörðum og atvinnutekjur verið góðar, víða talsvert yfir landsmeðaltali. Samfara þessari þróun dró mjög úr fólksflóttu frá landsvæðinu sem heild og á mörgum stöðum, einkum þar sem atvinna var næg og atvinnutekjur miklar, fjölgaði fólki talsvert. Fólksflutningar voru enn talsverðir úr mesta dreifbýlinu enda má færa rök fyrir því að með aukinni framleiðni í landbúnaði sé undir flestum kringumstæðum líklegt að fólki fækki hlutfallslega eitthvað í sveitum nema önnur atvinnustarfsemi en landbúnaður bætist þar við. Á móti þessari fækkun vann hins vegar fólksfjölgun á þéttbýlissvæðunum enda auðsjáanlegt að svo verður að vera ef halda á jafnvægi í byggð landsins milli höfuðborgarsvæðisins og annarra landshluta. Búsetuhreyfingar innanlands verður aldrei hægt að stöðva enda er slíkt ekki æskilegt og allar líkur benda til að með aukinni tæknivæðingu og framförum í landbúnaði muni fólki enn halda áfram að fækka við þau störf. Spurningin er því sú hvort unnt er að svara þeirri þróun með eflingu þéttbýliskjarnanna á landsbyggðinni til mótvægis og ef það tekst þá er jafnvægi varðveitt í byggð landsins því að æskilegra hlýtur að vera út frá því sjónarmiði að fólk flytji búferlum frekar um skamma leið en langa.

Enginn vafi er á hvar leita eigi skýringarinnar á því að stórlega dró úr fólksflutningum frá Vestfjörðum á áttunda áratugnum og þéttbýli eflidist þar. Þær breytingar héldust í hendur við mikil umskipti í tekjumöguleikum fólks á Vestfjörðum miðað við landsmeðaltal. Í upphafi áttunda áratugarins, þegar enn var mikill fólksflótti frá Vestfjörðum, voru meðalbrúttótekjur framteljenda þar nokkuð undir landsmeðaltali. Við lok þess áratugar, þegar fólksflóttinn hafði stöðvast, höfðu meðaltekjur á Vestfjörðum vaxið meira hlutfallslega en í nokkrum öðrum landshluta og voru komnar talsvert yfir landsmeðaltal. Það er engin tilviljun að samsvörun er þarna á milli.

Ástæðan fyrir því að atvinnutekjur uxu svo mjög á Vestfjörðum á þessum áratug er vafalaust mikil uppbygging í fiskvinnslu, en á áttunda áratugnum var fiskvinnslan næst mesta vaxtargreinin í íslensku atvinnulífi, næst á eftir þjónustu, og jafnframt sú grein þar sem tekjuþróun var hvað hagstæðust. Skuttogarabyltingin, sem með öðrum orðum má lýsa sem bættri aðstöðu Vestfirðinga til þess að nýta sér nábylið við auðugustu fiskimið landsins, lagði hér grundvöllinn. Með henni sköpuðust möguleikar til uppbyggingar í mikilli vaxtargrein, fiskvinnslu, sem skilaði fólki í landshlutanum miklum tekjum. Þegar hugað er að hinni feikimiklu uppbyggingu í fiskiðnaði á Vestfjörðum á áttunda áratugnum með mikilli aukningu á atvinnutækifærum er sú niðurstaða þó ekki einhlít. Þegar betur er að gáð mátti lesa úr atvinnuþróuninni mjög alvarlegar aðvaranir sem menn veittu þó ekki athygli sem skyldi, sem sé þær að þrátt fyrir rífandi uppbyggingu í fiskiðnaði á svæðinu skorti talsvert á að kjördæmið hlyti þann atvinnulega vöxt sem það þurfti að hljóta til þess að ná landsmeðaltali í aukningu ársverka í heild. Þrátt fyrir hina miklu grósku í fiskiðnaði á Vestfjörðum hefði atvinnulífið á svæðinu þurft að skila næstum 50% meiri aukningu ársverka en það gerði til þess að ná vexti landsmeðaltals. Þrátt fyrir atvinnugreinasamsetningu, sem var Vestfirðingum hagstæð frá sjónarmiði vaxtar (hátt hlutfall fiskvinnslu sem var önnur mesta vaxtargreinin 1972—1982), þá skorti verulega á þá heildarfjölgun ársverka sem vera átti. Þetta sagði til um eitt: Hin hagstæða þróun áttunda áratugarins hvað varðar atvinnutekjur Vestfirðinga og hvað varðar hlutfallið milli aðfluttra og brottfluttra var byggð á grunni einnar atvinnugreinar, sjávarútvegs og fiskvinnslu. Önnur atvinnustarfsemi á svæðinu átti í vök að verjast, vöxtur var þar takmarkaður og vaxtarmöguleikar litlir. Enn betur sést þetta þó ef hugað er að skiptingu launa milli eiginnotaframleiðslu og skiptiframleiðslu. Þar kemur í ljós að í stærsta þéttbýlinu í landshlutanum, Ísafirði, skapast aðeins rösklega hálf starf (0,6564) í þjónustu fyrir hvert eitt sem skapast í frumframleiðslu en þetta hlutfall er til muna lægra en í mörgum öðrum þéttbýlissvæðum úti á landsbyggðinni. M. ö. o. þau umsvif í þjónustu, sem hvert starf til viðbótar á sjó eða við fiskvinnslu skapar, koma fram annars staðar en á Ísafirði sjálfum í meira mæli en víða annars staðar á landsbyggðinni. Þjónustuumsvifin skapast ekki í heimabyggðinni heldur í fjarlægum byggðarlögum, t. d. á höfuðborgarsvæðinu. Hin mikla uppbygging í fiskiðnaði með stórauðnum atvinnutekjum hefur m. ö. o. ekki orðið Vestfirðingum nema að takmörkuðu liði í annarri atvinnuuppbyggingu. Hin óbeinu áhrif hafa komið fram annars staðar, orðið öðrum að gagni.

Um og eftir 1980 fer svo að verulegu marki að gæta afleiðinga af aukinni fiskveiðistjórn og auknum takmörkunum á þorsveiðum. Þá fer t. d. bæði magnhlutdeild og verðmætishlutdeild Vestfirðinga í heildarframleiðslu hraðfrystiðnaðarins að hraka. Árið 1978 nam hlutur Vestfirðinga í heildarframleiðslu hraðfrystihúsa 22,8% (hlutdeild þeirra hafði vaxið úr 17,4% 1972), en árið 1982 er þetta hlutfall komið niður í 19,5%. Ef með hliðstæðum hætti er litið á framleiðsluverðmæti hraðfrystihúsanna þá vex hlutur Vestfirðinga úr 18,4% 1972 í 24,4% 1977 og 1978 en er 1982 fallinn niður í 21,4%. Allan þennan samdrátt má án efa rekja beint til aukinna veiðitakmarkana sem fylgt hafa í kjölfarið á stækkandi fiskveiðiflota. Auðvitað hefur þetta haft sín áhrif á atvinnutekjur þeirra sem fiskvinnslu stunda. Það kemur sjálfsagt ýmsum á óvart að í kaupstöðunum tveimur á Vestfjörðum, Bolungarvík og Ísafirði, reynast meðaltekjur á ársverk í fiskiðnaði 1982 vera aðeins rétt fyrir ofan landsmeðaltal (í Bolungarvík 1% fyrir ofan landsmeðaltal og á Ísafirði 4% fyrir ofan landsmeðaltal), en meðaltekjur á ársverk í fiskiðnaði í Vestmannaeyjum eru hins vegar 16% fyrir ofan landsmeðaltal. Það er hins vegar í fiskveiðunum sem vestfirsku kaupstaðirnir skera sig úr en 1982 eru meðaltekjur á ársverk í fiskveiðum í Bolungarvík 12% yfir landsmeðaltali og á Ísafirði 32% yfir landsmeðaltali, en meðaltekjur á ársverk í fiskveiðum í Vestmannaeyjum eru hins vegar 2% yfir landsmeðaltali. Gefur þetta vísbendingu um að þótt mikil tekjuvon sé enn í fiskveiðum á Vestfjörðum, a. m. k. þar sem best gerist, þá er tekjuvonin í fiskvinnslunni ekki lengur sú hin sama og hún var þegar mest og blómlegust var þar

uppbyggingin enda dregst nú saman hlutdeild Vestfirðinga í magni og verðmæti freðfisk-framleiðslunnar eins og áður segir.

Og þá er ekki að sökum að spyrja. Afleiðingarnar koma strax fram í brottflutningstölunum. Afkoma Vestfirðinga hafði fyrst og fremst byggst á fiskvinnslu og veiðum og hagræðis þaðan hafði lítið gætt í öðrum atvinnugreinum. Þegar framsóknin í fiskvinnslunni stöðvaðist var ekkert sem komið gat í staðinn og brottflutningur fólks umfram aðflutning fór aftur vaxandi.

Það fer vart á milli mála að hagstætt er fyrir þjóðarheildina að nýttar verði þær auðlindir sem Vestfirðir hafa yfir að búa. Þar á meðal má nefna nábylið við miðin og þá sérþekkingu og hæfni sem vestfirskir sjómenn og fiskiðnaðarmenn hafa tileinkað sér í útgerð skipa og vinnslu afla. En það kemur fleira til. Jarðhiti er víða á Vestfjörðum og liggur sums staðar mjög vel við. Fiskræktarmöguleikar eru miklir í hinum djúpu fjörðum. Í Ísafjarðardjúpi, í Þorskafirði og aðliggjandi fjörðum eru möguleikar til stærrri og meiri framkvæmda við fiskrækt en dæmi eru til á Íslandi. Bent hefur verið á aðrar lítið kannaðar náttúruauðlindir, svo sem miklar surtarbrandsnámur, og í Önundarfirði og víðar er að finna málmgrýti sem einu sinni var rætt um að nýta en litlar athuganir hafa farið fram á lengi. Þá hafa Vestfirðingar einnig náð mjög langt í iðnaði í tengslum við sjávarútveg svo sem á sviði rafeindaiðnaðar og veiðarfæraíðnaðar. Allt eru þetta möguleikar sem lítið hefur verið hugað að vegna þess hve einhæf atvinnuþróunin hefur verið en á þessa möguleika verður nú að leggja aukna áherslu því að þeir eru forsenda þess að um áframhaldandi eflingu byggðarkjarna og þéttbýlisstaða geti orðið að ræða á Vestfjörðum.

Afskipti Framkvæmdastofnunar ríkisins af málefnum landshlutanna hafa til þessa einkum og sér í lagi verið með tvennum hætti. Í fyrsta lagi hefur stofnunin með almennri áætlunargerð vísað veginn um alhliða byggðapróun og Bygðasjóður veitt lán og styrki til almennrar atvinnuuppbyggingar að fengnum umsóknum og umsögn hlutadeigandi lána-stofnana. Í öðru lagi hefur Framkvæmdastofnunin haft sérstök afskipti af afmörkuðum byggðarlögum sem átt hafa við sérstök vandamál að stríða, svo sem rekstrarstöðvun atvinnutækja, fólksflóttu, o. s. frv. Í ljósi þeirra breytinga sem nú eru að gerast á atvinnuháttum landsmanna með stórfelldum veiðitakmörkunum og miðstýringu í sjávarútvegi verður hins vegar að leita nýrra leiða. Aukna áherslu verður að leggja á sérstök þróunarverkefni jafnt í atvinnulífinu með eflingu nýrra atvinnugreina og í málefnum einstakra byggðarlaga með þróunaraðgerðum sem miðast við afmarkað svæði, eitt eða fleiri. Slík þróunarverkefni geta verið með ýmsum hætti, bæði að frumkvæði Framkvæmdastofnunar og með stuðningi hennar en að frumkvæði annarra.

Með tillögu þessari til þingsályktunar er lagt til að stofnuninni verði falið að semja álitargerð um framkvæmd slíkra þróunarverkefna fyrir Vestfirði með skírskotun til þeirrar sérstöðu í atvinnulífi landshlutans sem hér hefur verið lýst þar sem líkur eru til að fyrirsjáanlegar stórbreytingar í atvinnuháttum kunni, ef ekkert verður að gert, að leiða til stórfelldrar byggðaröskunar Vestfjörðum í óhag og þjóðarheildinni til tjóns. Slík þróunarverkefni eiga í fæstum tilvikum að vera frumkvæðisverkefni opinberra aðila né á sviði opinbers rekstrar, en sjálfsagt er að hið opinbera veiti t. d. einkaaðilum tiltekinn stuðning til þess að hrinda slíkum verkefnum í framkvæmd og getur sá stuðningur verið með margvíslegum hætti. Ekki á það aðeins við um ríkið og stofnanir þess heldur ekki síður við sveitarfélög sem veitt gætu aðstoð t. d. með tímabundinni eftirgjöf á opinberum gjöldum til atvinnulegrar uppbyggingar slíkra þróunarverkefna. Væri mikill fengur að fá slíkum hugmyndum lýst í álitargerð sem gæti orðið grundvöllur að aðgerðum síðar meir eins og hér er gerð tillaga um hvað varðar Vestfirði sérstaklega.

### Fylgiskjal I.

#### Innanlandsflutningar 1971—1982.

Ár	Vestfirðir.		
	Til	Frá	Mismunur
1971 .....	740	1016	-276
1972 .....	506	624	-118
1973 .....	535	636	-101
1974 .....	441	567	-126
1975 .....	472	500	-28
1976 .....	492	627	-135
1977 .....	633	636	-3
1978 .....	477	544	-67
1979 .....	590	583	7
1980 .....	535	588	-53
1981 .....	498	561	-63
1982 .....	602	805	-203
	<hr/>		
Alls	6521	7687	-1166

### Fylgiskjal II.

#### Fólksflutningar til og frá þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum 1971—1982.

Ár	Hólmavík.		
	Til	Frá	Mismunur
1971 .....	5	30	-25
1972 .....	31	12	19
1973 .....	7	15	-8
1974 .....	41	25	16
1975 .....	26	24	2
1976 .....	23	21	2
1977 .....	27	16	11
1978 .....	24	36	-12
1979 .....	29	17	12
1980 .....	17	23	-6
1981 .....	23	13	10
1982 .....	22	33	-11
	<hr/>		
Alls	275	265	10

<b>Súðavík.</b>				
Ár	Til	Frá	Mismunur	
1971 .....	6	16	-10	
1972 .....	20	9	11	
1973 .....	21	24	-3	
1974 .....	4	8	-4	
1975 .....	16	14	2	
1976 .....	3	15	-12	
1977 .....	14	12	2	
1978 .....	7	15	-8	
1979 .....	9	9	0	
1980 .....	14	8	6	
1981 .....	14	11	3	
1982 .....	23	23	0	
<hr/>				
Alls	151	164	-13	

<b>Bolungarvík.</b>				
Ár	Til	Frá	Mismunur	
1971 .....	27	63	-36	
1972 .....	61	54	7	
1973 .....	46	62	-16	
1974 .....	49	51	-2	
1975 .....	61	50	11	
1976 .....	85	39	46	
1977 .....	104	51	53	
1978 .....	64	66	-2	
1979 .....	64	60	4	
1980 .....	73	93	-20	
1981 .....	67	69	-2	
1982 .....	66	61	5	
<hr/>				
Alls	767	719	48	

<b>Ísafjörður.</b>				
Ár	Til	Frá	Mismunur	
1971 .....	497	567	-70	
1972 .....	109	135	-26	
1973 .....	193	187	6	
1974 .....	101	180	-79	
1975 .....	146	132	14	
1976 .....	158	175	-17	
1977 .....	219	171	48	
1978 .....	131	133	-2	
1979 .....	169	142	27	
1980 .....	161	154	7	
1981 .....	175	167	8	
1982 .....	189	239	-50	
<hr/>				
Alls	2248	2382	-134	

<b>Suðureyri.</b>			
Ár	Til	Frá	Mismunur
1971 .....	59	49	10
1972 .....	38	49	-11
1973 .....	25	68	-43
1974 .....	35	41	-6
1975 .....	28	50	-22
1976 .....	25	42	-17
1977 .....	25	37	-12
1978 .....	51	20	31
1979 .....	33	52	-19
1980 .....	27	39	-12
1981 .....	19	37	-18
1982 .....	28	67	-39
<hr/>			
Alls	393	551	-158

<b>Flateyri.</b>			
Ár	Til	Frá	Mismunur
1971 .....	12	31	-19
1972 .....	26	46	-20
1973 .....	31	30	1
1974 .....	16	32	-16
1975 .....	8	14	-6
1976 .....	32	28	4
1977 .....	26	26	0
1978 .....	42	24	18
1979 .....	30	32	-2
1980 .....	37	37	0
1981 .....	30	21	9
1982 .....	24	27	-3
<hr/>			
Alls	314	348	-34

<b>Þingeyri.</b>			
Ár	Til	Frá	Mismunur
1971 .....	12	34	-22
1972 .....	13	26	-13
1973 .....	23	14	9
1974 .....	23	29	-6
1975 .....	9	21	-12
1976 .....	18	34	-16
1977 .....	16	16	0
1978 .....	20	32	-12
1979 .....	25	24	1
1980 .....	49	27	22
1981 .....	23	23	0
1982 .....	15	41	-26
<hr/>			
Alls	246	321	-75

**Bíldudalur.**

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971 .....	13	36	-23
1972 .....	37	35	2
1973 .....	24	29	-5
1974 .....	18	28	-10
1975 .....	18	11	7
1976 .....	13	48	-35
1977 .....	26	25	1
1978 .....	18	6	12
1979 .....	30	23	7
1980 .....	15	25	-10
1981 .....	18	22	-4
1982 .....	34	18	16
<hr/>			
Alls	264	306	-42

**Táknafjörður.**

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971 .....	11	14	-3
1972 .....	22	5	17
1973 .....	13	17	-4
1974 .....	16	6	10
1975 .....	8	11	-3
1976 .....	12	11	1
1977 .....	23	13	10
1978 .....	21	15	6
1979 .....	34	22	12
1980 .....	26	17	9
1981 .....	23	27	-4
1982 .....	23	25	-2
<hr/>			
Alls	232	183	49

**Patreksfjörður.**

Ár	Til	Frá	Mismunur
1971 .....	34	59	-25
1972 .....	55	53	2
1973 .....	56	55	1
1974 .....	39	43	-4
1975 .....	47	60	-13
1976 .....	42	46	-4
1977 .....	50	67	-17
1978 .....	26	69	-43
1979 .....	57	62	-5
1980 .....	62	49	13
1981 .....	51	63	-12
1982 .....	76	85	-9
<hr/>			
Alls	595	711	-116

### Fylgiskjal III.

#### Breytingar á brottflutningstíðni frá 1965—1970 til 1972—1982.

	Nettó brottflutningstíðni í % 1965—1970	Nettó brottflutningstíðni í % 1972—1982
	(1)	(2)
Reykjavík .....	-0,40	5,48
Reykjanes .....	-11,96	-14,83
Vesturland .....	5,99	1,83
Vestfirðir .....	12,08	8,78
Norðurland vestra .....	9,91	4,81
Norðurland eystra .....	3,48	-1,42
Austurland .....	4,24	0,59
Suðurland .....	0,87	5,60

Sé litið á skemmra tímabil, t. d. árin 1965—1970 samanborið við 1977—1982, sést enn betur hve dregið hefur úr fólksflutningum frá Vestfjörðum. Þó skal tekið fram að frá og með 1982 hefjast á ný miklir flutningar fólks frá Vestfjörðum.

#### Breytingar á brottflutningstíðni 1965—1970 og 1977—1982.

	Nettó brottflutningstíðni 1965—1970, %	Nettó brottflutningstíðni 1977—1982, %	Breyting frá 1965—1970 til 1977—1982, %
	(1)	(2)	(3)=(2)-(1)
Reykjavík .....	-0,40	2,35	-2,75
Reykjanes .....	-11,96	-6,77	-5,19
Vesturland .....	5,99	1,38	+4,61
Vestfirðir .....	12,08	3,75	+8,33
Norðurland vestra .....	9,91	2,47	+7,44
Norðurland eystra .....	3,48	-0,07	+3,55
Austurland .....	4,24	1,51	+2,73
Suðurland .....	0,87	2,39	-1,52

### Fylgiskjal IV.

#### Aukning ársverka í atvinnugreinum eftir landshlutum 1972—1980.

	Reykjavík	Reykjanes	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Alls	%
Fiskveiðar .....	-47	+144	+169	-66	+122	+197	+53	+31	+603	(+12,1)
Landbúnaður .....	-25	-178	-210	-426	-166	-451	-282	-398	-2 136	(-23,8)
Fiskiðnaður .....	+361	+363	+224	+632	+250	+496	+780	-45	+3 331	(+49,1)
Annar iðnaður .....	+230	+969	+261	+41	+320	+364	+139	+130	+2 454	(+15,6)
Byggingariðnaður .....	-761	+737	+74	+136	+171	+190	+178	+260	+985	(+10,1)
Veitur .....	+180	-14	+21	+58	+6	+19	+46	+29	+345	(+42,7)
Samgöngur .....	-382	+113	+40	+26	+24	+83	-20	+91	-25	(-0,3)
Verslun og viðskipti .....	+1 257	+741	+112	+49	+74	+311	+213	+93	+2 850	(+21,5)
Þjónusta .....	+4 043	+3 002	+445	+200	+280	+854	+388	+628	+9 840	(+51,3)
Heild .....	+5 126	+5 877	+1 136	+650	+1 081	+2 063	+1 495	+819	+18 247	
Í % .....	(+12,7)	(+46,2)	(+21,6)	(+14,6)	(+30,8)	(+23,3)	(+34,5)	(+10,7)	(+20,9)	



## Fylgiskjal V.

### Aukning ársverka í einstökum landshlutum 1972—1982 umfram eða undir landsmeðaltali.

	Aukning ársverka 1972—1980	%	Aukning sé miðað við jafnan vöxt	%	Mismunur á aukningu og meðaltali	%
	(1)		(2)		(3)=(1)-(2)	
Reykjavík . . . . .	+5 126	(+12,7)	+8 452	(+20,9)	-3 326	(-8,2)
Reykjanes . . . . .	+5 877	(+46,2)	+2 662	(+20,9)	+3 225	(+25,3)
Vesturland . . . . .	+1 136	(+21,6)	+1 103	(+20,9)	+33	(+0,7)
Vestfirðir . . . . .	+650	(+14,6)	+935	(+20,9)	-285	(-6,3)
Norðurl. vestra . . . . .	+1 081	(+30,8)	+736	(+20,9)	+345	(+9,9)
Norðurl. eystra . . . . .	+2 063	(+23,3)	+1 853	(+20,9)	+210	(+2,4)
Austurland . . . . .	+1 495	(+34,5)	+906	(+20,9)	+589	(+13,6)
Suðurland . . . . .	+819	(+10,7)	+1 600	(+20,9)	-781	(-10,2)
Heild	+18 247	(+20,9)	+18 247	(+20,9)		

Af þessari töflu má m. a. sjá að þrátt fyrir mikinn vöxt fiskvinnslu á Vestfjörðum skortir 285 ársverk til þess að vöxtur atvinnulífs í kjördæminu nái landsmeðaltali. Þetta gerist þrátt fyrir hagstæða atvinnuskiptingu á Vestfjörðum með tilliti til vaxtar. M. ö. o. vaxtarþáttur atvinnulífsins á svæðinu er lítill þrátt fyrir hagstæðar aðstæður að sumu leyti.

## Fylgiskjal VI.

### Atvinna við fiskveiðar.

	Meðalfjöldi ársverka í fiskveiðum á ári		Breyting í % frá 1969— 1971 til 1978—1980
	1969—1971	1978—1980	
	(1)	(2)	(3)
Reykjavík . . . . .	806	501	-37,8
Reykjanes . . . . .	934	1 270	+36,0
Vesturland . . . . .	535	680	+27,1
Vestfirðir . . . . .	759	665	-12,4
Norðurl. vestra . . . . .	181	261	+44,2
Norðurl. eystra . . . . .	693	787	+13,6
Austurland . . . . .	587	585	-0,3
Suðurland . . . . .	537	659	+22,7

**Fylgiskjal VII.****Atvinna við fiskiðnað.**

	Meðalfjöldi ársverka í fiskiðnaði á ári		Breyting í % frá 1969— 1971 til
	1969—1971	1978—1980	1978—1980
	(1)	(2)	(3)
Reykjavík .....	764	1 053	+37,8
Reykjanes .....	1 505	1 646	+9,4
Vesturland .....	690	897	+30,0
Vestfirðir .....	913	1 431	+56,7
Norðurl. vestra .....	371	623	+67,9
Norðurl. eystra .....	771	1 235	+60,2
Austurland .....	678	1 230	+81,4
Suðurland .....	938	1 131	+20,6

**Fylgiskjal VIII.****Meðalbrúttótekjur framteljenda eftir skattumdæmum.**

	1972	1981	Breyting
	(1)	(2)	(3)=(2)-(1)
Reykjavík .....	103	97	-6
Reykjanes .....	110	110	0
Vesturland .....	95	99	+4
Vestfirðir .....	97	108	+11
Norðurland vestra .....	82	88	+6
Norðurland eystra .....	95	98	+3
Austurland .....	88	95	+7
Suðurland .....	96	100	+4